



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki samkvæmt FATF

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á yfirlýsingu Financial Action Task Force (FATF) sem samþykkt var í kjölfar fundar hins alþjóðlega framkvæmdahóps hinn 23. febrúar sl.

Í nefndri yfirlýsingu kemur fram að ríki, sem eru aðilar að FATF, skuli grípa til sérstakra fyrirbyggjandi varúðarráðstafa gagnvart Norður-Kóreu, enda steðji viðvarandi ógn að hinum alþjóðlega fjármálamarkaði vegna aðgerðarleysis ríkisins gagnvart aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006 beinir Fjármálaeftirlitið tilmælum til tilkynningarskyldra aðila, sem falla undir a-e- og m-n-liði 1. mgr. 2. gr. laganna, að gæta sérstakrar varúðar í viðskiptum við aðila frá **Norður-Kóreu**, hvort heldur einstaklinga eða lögaðila, þar með talda aðila í fjármálaþjónustu. Þá eru tilkynningarskyldir aðilar hvattir til að beita aukinni áreiðanleikakönnun í samræmi við áhættu gagnvart einstaklingum og lögaðilum frá **Íran**.

Í kjölfar nefnds fundar FATF var einnig gefin út skýrsla um úrbætur í málefnum tengdum aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á alþjóðlegum vettvangi. Í skýrslunni er að finna lista yfir ríki sem nýverið hafa lýst yfir vilja til að framfylgja aðgerðaráætlun, sem unnin hefur verið í samstarfi við FATF, til að taka á þeim annmörkum sem eru til staðar á þessu sviði.

Þau ríki sem eru talin með alvarlega annmarka eru eftirfarandi:

- Eþíópía
- Írak
- Jemen
- Serbía
- Srí Lanka
- Sýrland
- Trínidad og Tóbagó
- Túnis
- Vanúatú

Í samræmi við fyrrgreinda 2. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006, beinir Fjármálaeftirlitið tilmælum til tilkynningarskyldra aðila að gefa aðilum frá nefndum ríkjum sérstakan gaum, m.t.t. aukinnar hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þau gögn sem vísað er til hér að framan er annars vegar að finna hér, <http://www.fatf-gafi.org/publications/high-riskandnon-cooperativejurisdictions/documents/public-statement-february-2018.html> og hins vegar hér, <http://www.fatf-gafi.org/publications/high-riskandnon-cooperativejurisdictions/documents/fatf-compliance-february-2018.html>